

Skipakomur og hafnartekjur 2025

33 hafnir og áfangastaðir tóku á móti skemmtiferðaskipum á árinu 2025

Árið 2025 heimsóttu skemmtiferðaskip 33 hafnir og áfangastaði á landinu öllu í 1182 skipakomum, frá Þórshöfn á Langanesi í austri til Keflavíkur í vestri og Grímseyjar í norðri til Vestmannaeyja í suðri. Alls fluttu skipin 333.394 farþega sem dreifðust mjög vel um landið allt og á áfangastaði sem sannarlega eru utan alfaraleiðar eins og Djúpavík á Ströndum, Grímsey, Flatey í Breiðafirði, Vigur í Ísafjarðardjúpi, Raufarhöfn og Drangey í Skagafirði. Vestfjarðarfjórðungur, sem að öllu jöfnu hefur verið utan alfaraleiðar ferðamanna, er áfangastaður rúmlega 250 þúsund ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum stórum sem og smáum leiðangursskipum.

4.3 milljarðar í hafnargjöld

4.335.687.186 krónur greiddu útgerðir skemmtiferðaskipa í hafnar- og sveitasjóði landsins á árinu. Upphæðir sem í mörgum tilvikum eru lunginn í tekjum hafnanna og gerir þeim kleift að halda úti mikilvægum innviðum og starfsemi til hagsbóta fyrir öll skip og báta sem reiða sig á hafnir og þjónustu allt árið um kring.

Fækkun vegna óvissu með tollfrelsi skemmtiferðaskipa í hringstiglingum

Smærri skip sem hafa siglt hringinn í kringum Ísland hafa notið tollfrelsis til jafns á við skemmtiferðaskip í millilandastiglingum allt frá árinu 2012. Óvissa sú sem hefur verið með framhald fyrirkomulagsins, hefur því miður valdið fækkun í hafnarkomum þessara minni skipa á minni hafnir landsins. Heildstæða samantekt á tölfræði fyrri ára er því miður ekki til staðar, en sem dæmi má nefna að á minni höfnum eins í Flatey á Breiðafirði fækkaði komunum úr 14 komum árið 2024 í aðeins 4 komur árið 2025. Eins má nefna höfnina á Patreksfirði sem fór úr 26 komum í 7 komur á árinu 2025. Bókunarstaðan hjá höfnum landsins bendir sem stendur til þess að enn frekari fækkun verði í skipakomum á smærri hafnir og áfangastaði. Nú í lok ársins 2025 er útlit fyrir að óvissa sú sem hefur ríkt með framhald tollfrelsis skemmtiferðaskipa í hringstiglingum sé úr sögunni og því má gera ráð fyrir að viðsnúningur í bókunartölum fari að gera vart við sig fljótlega á nýju ári.

Heildaryfirlit yfir skipakomur, farþegatölur og hafnartekjur

Hafnir	2025		
	Skipakomur	Farþegar	Tekjur hafna af skemmtiferðaskipum
Akranes (Faxaflóahafnir)	0	0	0
Arnarstapi	2	297	511.368
Akureyri (Hafnarsamlag Norðurlands)	180	250.846	900.451.008
Borgarfjörður eystri (Múlaþing)	23	3.588	10.635.997
Bolungarvík	1	188	669.415
Bíldudalur	1	-	180.000
Drangey	11	1.918	1.263.190
Djúpavík	8	1.715	1.796.676
Djúpivogur (Múlaþing)	57	31.053	69.084.344
Eskifjörður	7	2.234	12.273.717
Flatey Breiðafirði	4	511	2.500.000
Flateyri (Hafnir Ísafjarðarbæjar)	0	-	
Grímsey (Hafnarsamlag Norðurlands)	31	4.792	
Grundarfjörður	75	70.279	128.731.795
Hafnarfjörður	18	2.920	44.891.520
Hofsós	5	1.227	3.476.039
Hjalteyri (Hafnarsamlag Norðurlands)	0	0	
Hólmavík	0	0	0
Hrísey (Hafnarsamlag Norðurlands)	5	737	
Húsavík	59	20.150	83.500.000
Höfn Hornafjörður	0	0	0
Ísafjörður (Hafnir Ísafjarðarbæjar)	185	245.936	853.762.968
Kópasker	0	-	-
Keflavík	4	882	3.600.000
Neskaupsstaður	2	240	666.827
Patreksfjörður	7	1.252	4.600.000
Reykjavík (Faxaflóahafnir)	239	330.474	1.836.000.000
Raufarhöfn	4	1.400	3.500.000
Sauðárkrúkur	9	1.449	10.389.717
Seyðisfjörður (Múlaþing)	90	92.411	204.011.357
Strandabyggð	0	-	-
Suðureyri (Hafnir Ísafjarðarbæjar)	0	-	
Súðavík			6.137.865
Siglufjörður	32	7.643	28.000.000
Skagastrandarhöfn	0	0	0
Stykkishólmur	6	643	3.000.000
Tálknafjörður	0	0	-
Vestmannaeyjar	79	30.597	120.853.000
Vígur (Súðavíkurhreppur)	30	4.558	
Vopnafjörður	1	427	216.718
Þingeyri (Hafnir Ísafjarðarbæjar)	3	1.224	
Þórshöfn	1	250	0
Þistilfjörður (Langanesbyggð)	2	500	0
Þorlákshöfn	1	157	983.665
Samtals	1182	1.112.498	4.335.687.186
1) Heimildir: Viðeigandi hafnir og sveitarfélög			
Fjöldi hafna og áfangastaða með skipakomur á árinu	33		

Reykjavík 10.12.2025
 Sigurður Jökull Ólafsson
 Framkvæmdastjóri Cruise Iceland